

Námskrár

Hjá hæfnigreiningar- og námskrárteymi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) hefur á þessu ári verið lögð áhersla á endurskoðun og þróun námskráa. Í tengslum við þá vinnu voru í haust allar símenntunarmiðstöðvarnar heimsóttar þar sem rætt var um námskrár og málefni tengd þeim. Í heimsóknunum komu fram mikilvægar upplýsingar sem unnið verður áfram með í tengslum við endurskoðun námskráa og verðlista og við forgangsörðun verkefna. Vinna í tengslum við endurskoðun verðlista Fræðslusjúðs fyrir námskrár er farin af stað eins og kom fram á fundi Kvasis þann 4. október síðastliðinn.

Ýmislegt bar á góma í heimsóknunum en oftast var rætt um lengd námskráa, möguleika á að búa niður námskrár og fjölda í hóp. Einnig var rætt um þann rugling sem stundum skapast þar sem sumar námskrár eru í klst og framhaldsskólalæningum (nýjar einingar) á meðan eldri námskrár eru enn í kestr og gömlum einingum. Þetta mun breytast með endurskoðun námskráa en það tekur tíma og á meðan á því ferli stendur verður þetta tvöfalda kerfi því miður við lýði. Staða ört stækkandi hóps útlendinga á Íslandi bar einnig á góma og hvað er í boði fyrir þennan hóp innan framhaldsfræðslunnar. Í því sambandi er rétt að benda á vef Fjölmeningarsetursins þar sem hægt er að nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar <https://www.mcc.is/miðstöðvunum>.

Námskrám hefur verið forgangsraðað fyrir endurskoðun og þar eru almennar námskrár í bóklegum greinum ofarlega. Leitast verður við að námskránnar myndi einskonar stíganda en á sama tíma þarf að huga að því að þær haldi gildi sínu og nýtist áfram fyrir fjölbreyttan hóp námsmanna sem stendur misvel að vígi í bóklegum greinum.

Áhugi er fyrir því að efla enn frekar samstarf/samtal á milli FA og símenntunarmiðstöðvanna og sem lið í því er stefnt að því að bjóða upp á stutta samtalsfundi með verkefnastjórum námsleiða tvisvar til fjórum sinnum á ári, um tiltekin málefni. Fyrsti fundurinn verður haldinn í byrjun næsta árs þar sem kynntar verða áherslur FA í námskrármálum fyrir árið 2020.

Hæfnigreiningar

Öll gögn og eyðublöð í tengslum við hæfnigreiningar starfa hafa verið endurskoðuð, þar með talið handbók fyrir umsjónarmenn. Um er að ræða þriðju útgáfu af handbókinni og þeir sem hafa lokið námskeiði fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga hafa fengið hana senda. Mikilvægt er að umsjónarmenn hæfnigreininga sækja alltaf nýjustu útgáfu eyðublaða á vef FA <https://frae.is/hæfnigreiningar/>.

Í september var haldið námskeið fyrir nýja umsjónarmenn hæfnigreininga og ráðgert er að halda endurmenntunar-námskeið á fyrri hluta árs 2020 ef næg þátttaka fæst.

Kennslufræðimiðstöð

FA og HÍ vinna nú að verkefni sem miðar að því að skilgreina hæfnikröfur leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu, lýsa leiðum til hæfniuppbyggingar og skilgreina raunfærnimatsferli fyrir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu.

Framundan er hæfnigreining á starfi leiðbeinanda í fullorðinsfræðslu. Vigdís Þyrí Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri Framvegis mun sitja í stýrihóp verkefnisins fyrir hönd Kvasis.

Að lokum bendum við á nýtt námskeið sem er í þróun og er hluti af Evrópuverkefninu UP-APRO sem FA er aðili að (sjá [UP-AEPRO](#)). Námskeiðið fjallar um stefnumótun og leiðir til hæfniþróunar og miðar að því að dýpka þekkingu og hvetja til umræðna um nýlega evrópska stefnu fyrir nám fullorðinna sem ber heitið [Upskilling Pathways](#) (UP). Sjá nánari lýsingu og leiðir að skráningu: <https://ae-learning.eu/course/index.php?categoryid=17> Nánari upplýsingar um verkefnið má fá hjá Fjölu Maríu, fjola@frae.is og Hildi, hildur@frae.is